



# Afbrotatölfraeði lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrstu níu mánuði ársins 2006

(Borið saman við sama tímabil árunna 2000 til 2005)



Álftanes



Garðabær



Hafnarfjörður

Október 2006

## Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
HEGNINGARLAGABROT.....	4
Innbrot - Þjófnaður .....	4
Eignaspjöll, minniháttar - Líkamsárás .....	4
Hegningarlagabrot, heildartölur.....	5
UMFERÐARMÁL .....	6
Hraðakstur - Ölvun við akstur.....	6
Umferðaróhapp / umferðarslys / ölvun við akstur í tengslum við umferðaróh. og umferðarslys ....	6
FÍKNIEFNAMÁL.....	7

## **INNGANGUR**

Lögreglan á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði hefur, frá því í árslok 2002, lagt áherslu á að fækka afbrotum í umdæminu með markvissum aðgerðum. Þær aðgerðir hafa m.a. lotið að auknum sýnileika lögreglunnar í umdæminu með betri nýtingu á mannafla og tækjum, sem og með auknu markvissu eftirliti í hverfum þar sem afbrot hafa verið tíð. Er það mat lögreglunnar að þetta hafi skilað góðum árangri sem sést m.a. í mikilli fækkun innbrota, þjófnaða og eignaspjalla, sem og í sífellt fleiri skráðum fíkniefnabrotum sem mörg hafa komið upp við almennt og virkt eftirlit lögreglu.

Þá hefur samstarf lögreglunnar, barnaverndaryfirvalda og skóla verið í mikilli sókn. Það starf hefur sífellt orðið markvissara og öflugra þar sem áherslan hefur verið lögð á að finna og koma þeim einstaklingum til aðstoðar sem þess þurfa, áður en til alvarlegra árekstra við umhverfið hefur komið.

Lögreglan hefur einnig lagt áherslu á góð samskipti við foreldra og hefur, í samstarfi við barnaverndaryfirvöld og skóla í umdæminu, tekið upp þá nýbreytni að senda upplýsingar um ástand mála í umdæminu og í hverju skólahverfi fyrir sig, til foreldra nemenda undir 18 ára aldri. Er þetta gert í góðu samstarfi við skólana í umdæminu sem sjá um að dreifa upplýsingunum til foreldra með tölvupósti, hver í sínu hverfi.


Starf þetta hófst sem tilraunaverkefni í maímánuði síðastliðnum, skömmu fyrir skólalok, og hefur svo haldið áfram nú í byrjun nýs skólaárs. Bindur lögreglan miklar vonir við að verkefni þetta komi til með að efla og bæta samstarf hennar og foreldra og hefur það raunar þegar skilað athyglisverðum árangri þó að nýbyrjað sé. Viðbrögð sem lögreglan hefur fengið frá foreldrum hafa og verið afar jákvæð.

Lögreglan telur að með markvissu starfi þar sem allt lögregluliðið vinnur samkvæmt sömu stefnu og að sama marki í góðu samstarfi og samvinnu við stofnanir umdæmisins og íbúa þá megi ná góðum árangri til fækkunar afbrota og betra og öruggara umhverfis. Þær niðurstöður sem fyrir liggja benda og til að markverður árangur hafi náðst á þessu sviði, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir fyrstu níu mánuði þessa árs, bornar saman við sambærilegar tölur ársins 2002 þegar starf þetta hófst, þá hefur innbrotum, þjófnum, eignaspjöllum og líkamsárásum fækkað um 37%. Þessi sömu brot eru jafnframt 13% færri nú en þau voru árið 2000 þrátt fyrir að íbúum umdæmisins hafi fjölgað rétt um fimm þúsund á sama tímabili.


Afbrotatölur lögreglunnar, sem gefnar eru út á þriggja mánaða fresti í samræmi við stefnu lögreglunnar fyrir árið 2006, má finna hér á eftir. Þar eru bornar saman tölur fyrir fyrstu níu mánuði árána 2000 til 2006. Um bráðabirgðatölur er að ræða fyrir árið 2006.

# HEGNINGARLAGABROT

## Innbrot



## Þjófnaður




Afbrotum eins og innbrotum og þjófnaðum hefur fækkað á liðnum árum og eru færri nú en þau voru árið 2000.


Fjölgun innbrota í ár miðað við árið í fyrra skýrist að stórum hluta af fjölgun slíkra brota í ágústmánuði síðastliðnum, en þá voru 30 innbrot framin í umdæminu samanborið við 16 brot á sama tíma árið 2005. Þjófnaðum fjölgaði þá samsvarandi.

Almennt eftirlit lögreglunnar var eftt mjög í ágústmánuði og byrjun september sökum þessa og voru þrjár einstaklingar handteknir í kjölfarið grunaðir um stórfelld innbrot og þjófnaði í umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði og víðar. Einn þeirra situr nú í gæsluvarðhaldi vegna brota sinna en hinir tveir bíða ákæru. Innbrotum fækkaði strax eftir að einstaklingar þessir náðust.

## Eignaspjöll, minniháttar




## Líkamsárás, 217. gr.



Eignaspjöllum hefur fækkað umtalsvert síðustu ár og eru nú snöggjum færri en þau voru árið 2000.

Líkamsárásur, brotum gegn 217. gr. almennra hegningarlaga, hefur fækkað mikið frá árinu 2004 og eru nánast jafnmörg og þau voru árið 2000 og 2001.

## Hegningarlagabrot, heildartölur




Athyglisvert er að skoða þróun þeirra afbrota sem nefnd eru hér að framan; innbrota, þjófnaða, eignaspjalla og líkamsárása, sem og þróun sömu brota borin saman við brot á hverja 10 þúsund íbúa.

Raunfækkun hefur orðið á þessum brotum sem nemur 13% frá árinu 2000 og um 37% frá árinu 2002 þegar þau voru flest.


Brotunum hefur hinsvegar fækkað um 28% frá árinu 2000 ef mið er tekið af fjölgun íbúa á tímabilinu, og um 43% frá árinu 2002 þegar þau voru flest að sömu forsendum gefnum. (Sjá töflu hér að ofan.)

## UMFERÐARMÁL

### Hraðakstur




### Ölvun við akstur



Fjöldi kæra vegna hraðaksturs hefur verið nokkuð svipaður frá árinu 2003. Litlar breytingar eru á fjölda kæra vegna ölvunaraksturs.

### Umferðaróhapp / umferðarslys / ölvun við akstur í tengslum við umferðaróhapp og umferðarslys




Umferðaróhöppum hefur fjölgað um 16% frá árinu 2002. Frá árinu 2002 til 2005 jókst umferðarþunginn í umdæminu hinsvegar um 20% samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni og því ljóst að umferðaróhöpp eru nokkuð færri en sem nemur aukningu í umferð. Umferðarslysum hinsvegar hefur almennt farið fækkandi frá árinu 2003. Þá hefur umferðaróhöppum og/eða umferðarslysum þar sem ölvun ökumanns kemur við sögu, fækkað lítillega frá síðasta ári.

Tvö banaslys hafa orðið í umferðinni það sem af er árinu, annað í þéttbýli en hitt utan þess.

## **FÍKNIEFNAMÁL**

Heildarfjöldi skráðra fíkniefnabrota og afskipti lögreglunnar af einstaklingum vegna þeirra, hefur fjölgað mjög frá árinu 2000. (Sjá mynd hér að neðan.)



Af hálfu lögreglunnar hefur sífellt aukin áhersla verið lögð á að upplýsa fíkniefnamisferli hverskonar, bæði af hálfu almennu deildar lögreglunnar og rannsóknardeildar. Telur lögreglan að þess sjái meðal annars stað í tölum hér að ofan.